Stjórnarnetfundur fundargerð 16.9.2019

Staðsetning:	**Netfundur**
Dagsetning:	16.09.2019
Fundar tími:	20:00
Fundi slitið:	22:50
Til staðar:	Formaður – Jónína (JMA), Vara formaður – Katla (KS), Gjaldkeri – Ingvar (II), Ritari – Björn (BH). Rebekka Ingjaldsdóttir (RI) gat ekki verið með.

Dagskrá

1. Staða endurbóta loftræstikerfis í Ólafíustofu
2. Menningar og listanefnd.
3. Fréttabréf, heimasíða og ímynd safnaðarins
4. Samningar við kóra
5. Á döfinni
6. Önnur mál

Umræður

1. BH greinir frá því að aðeins eitt tilboð hafi borist og fer í að fá fleiri tilboð sem allra fyrst, helst fyrir föstudag.

2. JMA bendir á að M&L eigi að starfa undir söfnuðinn og er ekki sjálfstæð eining og ákveður ekki hvenær fundir eigi að vera með stjórninni. M&L eru búin að fá eigin fjárhagsáætlun og eiga að fylgja henni. Rebekka er verkefnisstjóri Ólafíuhátíðar og er búin að panta kirkju og setja upp drög að dagskrá. Þórhallur vill breyta og bregða út af settri dagskrá og hafa hana eftir eigin þótta og það truflar samstarfið. JMA mun tala við Þórhall og útskýrir ramma nefndarinnar fyrir honum, og hvers nefndin getur vænst af stjórninni. Þórhallur vill vel, en vill gera meira en þörf er á.

3. Heimasíða, facebook og þess háttar er ímynd safnaðar útávið. Viðburðir og upplýsingar eiga að tengjast saman. Stjórnin þarf að ákveða í vinnustofu síðar í haust hvernig þetta eigi að koma út til meðlima safnaðarins. Skjelbred design getur komið að verkefninu.

Biðja má um fréttabréf á heimasíðunni með netskráningu. Jafnvel senda út dagatal einu sinni á ári en það krefst þess að allt árið sé þaulskipulagt. Freydís er með aðgang að facebook og setur út myndir og viðburði fyrir M&L.

4. Samningar við kóra eru í höndum IOI, KS og BH. Gróa bíður enn eftir fundi með stjórn sem Rúnar var búinn að lofa. IOI búinn að leggja drög að samningi við kórana og sendir senn fullunnið tilboð til kóranna. Sjá eigið skjal stjórnar. Prestur velur sjálf allt tónlistarfólk í sínar messur. KS hefur samband við íslendingafélög úti á landi varðandi messukaffi.

5. Dagskrá safnaðarins fram að áramótum er að mestu tímasett. Sr. Inga óskar eftir að vera í Böler kirkju hér eftir, kostar ca 3500 fyrir sal og messuaðstöðu. JMA er verkefnastjóri Aðventuhátíðar, helst í Böler kirkju, með aðstoð M&L og starfsmanns. Fermingarferð til Norefjell var mjög vel heppnuð.

6. Önnur mál:

Margrét er búin að segja upp og ráða þarf nýjann starfsmann. IOI hefur samband við Berglindi Gunnarsdóttur sem sótti einnig um starfið og er hún fjölhæf.

Taka upp ímynd safnaðarins á næsta stjórnarfundi þann 8. oktober (vinnustofa). PowerofficeGo og office365 námskeið má taka sem netnámskeið síðar (IOI).

KS verður ábyrgðarmaður fréttabréfsins.

Stjórnarmeðlimur ætti að fara í leikhúsferð með 60 + þegar það hentar.

Ný kæra á Rúnar verður gerð, lögfræðingur safnaðarins fær nýjar upplýsingar um stöðuna (IOI og JMA). Það þarf að semja bréf til Datatilsynet vegna brots á persónuverndarlögum.

IOI búinn að ganga frá tryggingum og pensjonsfond fyrir starfsmenn. Húsnæðistryggingar eru í lagi, en tryggingar sérstakra innanstokksmuna Ólafíustofu þarf að ganga frá.

Öll Íslendingafélög þurfa að fá samstarfssamninga og fá greitt fyrir það að standa fyrir sunnudagaskóla, unglingastarf og móttöku prests. Samstarfssamningur er ekki til og þarf að hanna.

Stefnt að stærri fundi með varamönnum þann 26 oktober.

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
Koma í gang nýrri kæru með aðstoð lögfræðinga	JMA, IOI	Sem fyrst	
Ábyrgðarmaður fréttabréfs	KS		
Formlegt samstarf við íslendingafélög	KS	Sem fyrst	

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Samstarfssamningar við íslendingafélög	KS	Sem fyrst		
Ráða nýjann starfsmann	IOI, JMA	Sem fyrst		
Fá tilboð í loftræstikerfi	BH	13/9		
Kórasamningar	KS, BH, IOI	Sem fyrst		
Funda með Gróu		Sem fyrst		
Hafa samband við lögfræðinga	JMA	Sem fyrst		